

Skrifstofa Alþingis,
stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,
b.t. Brynjars Níelssonar formanns
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2017

Beiðni um fund með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Ég vísa til fyrri samskipta, þar sem ég hef óskað eftir að fá að koma á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, til að ræða skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um þátttöku Hauck & Aufhäuser Privatbankiers K&A í einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands hf.

Með bréfi þessu ítreka ég ósk mína og leyfi mér að útskýra erindið í nokkrum orðum.

- Rannsóknarnefndin var í þessu tilviki skipuð einum manni, sem er undantekning frá meginreglunni. Eðli máls samkvæmt er meiri hættu á misfellum og mistökum hvers konar. Kynning á skýrslunni, umræða og öll umfjöllun um skýrsluna hefur verið mjög einhliða. Það er mér mikilvægt, þótt seint sé, að nefndin fái að heyra mína hlið, sem er önnur en sú sem lýst er í skýrslunni.
- Ég vil fá að færa rök fyrir því að ég hafi ekki blekkt ríkið í umræddum viðskiptum, slíkt er óhugsandi. Í umræðu um þetta mun ég fara nánar yfir aðdraganda sölunnar, benda á nokkur atriði þessari fullyrðingu minni til stuðnings og benda á misfellur í skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem ég tel vera afvegaleiðandi.
- Í skýrslunni eru höfð uppi stór orð um það sem nefndir eru baksamningar og leynisamningar. Ég vil gera grein fyrir aðdraganda og eðli þessara samninga.
- Í skýrslunni er ekkert fjallað um stjórn málaástandið í landinu á sínum tíma, pólitísk afskipti, markmið, einkavæðingarferli bankanna í víðara samhengi og ógagnsæjar forsendur. Ég vil fá tækifæri til að lýsa minni hlið á því hvernig pólitísk afskipti komu mér fyrir sjónir í ferlinu.

Ég tel mig þurfa á bilinu 40-45 mínútur til að setja fram mín sjónarmið, og í framhaldi af því væri ég reiðubúinn að svara spurningum.

Ég geri mér grein fyrir að ég á enga lögvarða kröfu til þess að fá að hitta nefndina, en í ljósi þess að ég er borinn þungum sökum í skýrslunni og ég naut ekki andmælaréttar, þá finnst mér rétt að setja þessa beiðni fram.

Virðingarfyllst,



Olafur Olafsson